

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/1181  
komudagur 26.1.2011



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Borgarnesi 21. janúar 2010.

**Umsögn um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003,  
með síðari breytingum.**


Við er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags 24.11.2010, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Sérstaklega vill stjórn SSV vekja athygli umhverfisnefndar Alþingis á kafla í umsögn sambandsins sem lítur að söfnun drykkjarvöruumbúða.

Stjórn SSV bendir á að það er mikið áhyggjuefni ef núverandi söfnunarkerfi skilaskyldra drykkjarvöruumbúða verður lagt niður. Þannig háttar til á Vesturlandi að fatlaðir hafa haft atvinnu við móttöku og flokkun skilaskyldra drykkjarvöruumbúða. Þessi starfsemi er sett í mikið uppnám ef frumvarpið verður að lögum. Engin trygging er fyrir því að nýju skilakerfin muni viðhalda þeim samningum sem hafa komist á og er starfsemi fyrir fatlaðra, og þar með alla þá sem að þeim málaflokki snúa, afar dýrmæt.

Stjórn SSV óskar þess að umhverfisnefnd Alþingis hafi þessi mál til hliðsjónar þegar frumvarpið verður tekið til skoðunar.

F.h. stjórnar SSV.

  
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri